



**Ræða
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í kvöldverðarboði grænlenku landstjórnarinnar
í Húsi Hans Egede
í Nuuk,
24. september 2019**

Ágæti forsætisráðherra, Kim Kielsen,
ráðherrar landstjórnar Grænlands,
aðrir góðir gestir

Fyrir hönd okkar Elizu, konu minnar, þakka ég fyrir þær góðu móttökur sem við höfum notið í heimsókn okkar til Grænlands, alla þá gestrisni sem þið hafið sýnt okkur, kæru nágrannar í norðri.

Já, við erum gestir góðra granna í þessu gríðarstóra landi, landi hinna miklu áskorana og tækifæra. Við fylgjumst með vinabjóð okkar á framfarabraut, fúsir til samstarfs á öllum sviðum. Við óskum ykkur velfarnaðar.

Það verður að segjast eins og er að við Íslendingar vitum ekki endilega eins mikið og æskilegt væri um sögu Grænlandinga, og horfum gjarnan á hana frá eigin sjónarhóli. Við lærum í skóla um þá norrænu menn sem sigldu vestur frá Íslandi fyrir meira en þúsund árum, fundu land og nefndu það Grænland. Við erum forvitin um hvað kom fyrir norrænu byggðina hér, hvers vegna hún lognaðist út af nokkrum öldum síðar. Og þegar Íslendingar lögðu á eigin sjálfstæðisbraut á sínum tíma sögðu menn heima að ekki væri hægt að jafna saman stöðu hinnar íslensku þjóðar og þeirrar sem þetta land byggir, að okkar réttur væri ríkur en ykkar ekki. Snemma á síðustu öld tóku sumir Íslendingar líka þátt í þeim sérdræga leik að reyna að kasta eign sinni á Grænland.

Blessunarlega heyra sjónarmið af því tagi sögunni til. Nú fylgjumst við með Grænlandingum feta sig fram á veg, en megum þó án efa sýna þróun mála hér meiri athygli. Fyrir nokkrum árum heyrði ég sagt að Íslendingar vissu meira um það sem gerðist á tunglinu en hér í þessu landi sem liggur okkur svo nærri.

Kannski eru það þó ýkjur – okkur Íslendingum hættir stundum til að ýkja, fara aðeins fram úr okkur.

Við megum líka læra meira um sögu ykkar Grænlandinga, gleyma um stund Eiríki rauða og hópnum sem honum fylgdi, og horfa frekar til hinna sem settust hér að. Það er í raun mögnuð saga. Öld fram af öld tókst fólki hið illmögulega, að komast af í einu harðbýlasta landi heims. Já, forfeðrum ykkar og -mæðrum tókst að nýta þá fáu kosti til framfæris sem voru í boði í návígi íss og hafs. Þar að auki hefur menning ykkar og tungumál lifað umrót nútímans, áhrif að utan sem voru ekki alltaf til góðs.

Þessi afrek mega fylla ykkur stolti, kæru gestgjafar, og fylla ykkur jafnframt krafti við að takast á við þau úrlausnarefni sem nú bíða í grænlenku samfélagi. Ekki má gera lítið úr þeim eins og þið vitið eflaust best sjálfir.

Hvað gerist næst? Nú bíður framtíðin, með allri sinni óvissu og óteljandi viðfangsefnum. Fyrr í ár voru tíu ár liðin frá því að ný sjálfstjórnarlög gengu í gildi hér. Það var hátíðarstund, færði ákvörðunarvald enn frekar í ykkar hendur. Gangi ykkur vel á þeirri braut sem þið hafið valið, rétt eins og okkur Íslendingum gekk vel í þeim efnum á sinni tíð, þegar við færðumst í skrefum nær lokatakmarkinu, í sæmilegri sátt við aðra sem málið skipti.

Kæru gestgjafar, kæru Grænlandingar: Við Íslendingar hlökkum til þess að styrkja enn frekar þau bönd sem tengja löndin okkar tvö. Við getum unnið saman á sviði útvegs og ferðaþjónustu. Við getum unnið saman í heilbrigðis-, mennta- og menningarmálum, við getum í auknum mæli gert Ísland að hagkvæmum áfangastað milli Grænlands og umheimsins.

Já, við getum lært hverjir af öðrum og stutt hvorir aðra, ekki síst þegar á bjátar. Saman þurfum við að glíma við þá loftslagsvá sem má öllum vera ljós, ekki síst hér á norðurslóðum. Og aldrei gleyma Íslendingar þeim samhug í verki sem Grænlandingar sýndu eftir mannskæð snjóflóð á Vestfjörðum fyrir um aldarfjórðungi. Þá er mörgum minnisstætt heima þegar grænlenstur gestur var spurður að því hvað við Íslendingar gætum lært af Grænlandingum – og þetta kom nokkuð á óvart vegna þess að því miður er það gjarnan svo að við erum gjarnir á að segja ykkur frekar hvað þið gætuð hugsanlega lært af okkur. En gesturinn góði hugsaði sig aðeins um, minnti á að margt gerðu Íslendingar vissulega vel en það sem þeir gætu kannski lært af Grænlandingum væri að brosa meira og hlæja meira.

Kæru gestgjafar, kæru Grænlandingar. Ég þakka ykkur aftur gestrisnina. Ég óska ykkur alls velfarnaðar í þessu mikla landi ykkar sem getur fært ykkur og komandi kynslóðum farsæla framtíð. Með hlýjum kveðjum frá Íslandi þakka ég kærlega fyrir mig og bið ykkur að rísa úr sætum, lyfta glasi og skála fyrir bræðra- og systrabæli Íslendinga og Grænlandinga, öflugra vinapjóða í útnorðri.